

málinu, greiði 50 kr. aukagjald til rikissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sittt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefnda, er hefir látið mæta í málinu, 60.00 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. marz 1933.

Dómsmálaráðuneytið

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

eiganda Þursstaða, Helga Jónssyni.

(Enginn).

Landamerkjámál. Ómerking og heimvisun.

Dómur landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 13. júní 1932: Máli þessu vísast frá landamerkjadóminum.

Ferðakostnað og dagpeninga dómendanna greiði stefnandi með 81 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Sumarið 1931 kom það í ljós, að ágreiningur var um landamerki milli prestsetursins Borgar og Þursstaða í Mýrarsýslu og ákvað dóms- og kirkjumála-ráðuneytið að úr ágreiningi þessum skyldi skorið með dómi og tilkynnti biskupi það, en biskup tilkynnti það aftur prestinum að Borg, sira Birni Magnússyni með símskeyti 5. sept. 1931 svo hljóðandi:

„Stjórnarráðið úrskurðar að landamerkjamálið afhendist allra fyrsta sýslumanni til meðferðar eftir lögum 41 frá 1919“.

Presturinn mun svo hafa snúið sér til sýslumannsins og tók hann málið fyrir 16. s. m. þá mætti í réttinum síra Björn, f. h. prestsetursins og stefndi, Helgi Jónsson, eigandi Þursstaða. Í réttarhaldi þessu gerði séra Björn út um landamerkin milli jarðanna með sætt við eiganda Þursstaða, án þess að bera það undir ráðuneytið eða biskup og án þess að hafa fengið heimild til að lúka málinu á þann hátt.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið vildi eigi viðurkenna, að sætt þessi væri bindandi fyrir kirkjustjórnina og lagði svo fyrir, að málið skyldi fara fyrir merkjadóm á ný, en með dómi merkjadómsins uppkveðnum 13. júní f. á. lauk málinu svo, að dómurinn vísaði málinu frá sér af þeirri ástæðu, að búíð væri að gera réttarsætt um deiluatríðið.

Þessum dómi hefir dómsmálaráðuneytið skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 4. okt. f. á., en með því að stefndi hefir eigi mætt í hæstarétti, þótt honum hafi verið löglega stefnt, hefir málið verið rekið skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt eftir N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi krefst þess, að hinn áfrýjaði landamerkjadómur verði dæmdur ómerkur, að málinu verði vísað heim aftur til dómsálagningar að efni til og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti. Byggir áfrýjandi ómerkningar og heimvísunarkröfuna á því, að síra Björn hafi skort heimild til að gera hina umræddu sætt.

Á þetta verður að fallast. Það hefir aldrei verið litið svo á, að prestar séu umráðamenn prestsetranna í þeirri merkingu, að þeir hafi heimild til án samþykkis kirkjustjórnarinnar að gera bind-

andi samninga um landamerki prestsetranna. Umboð eða heimild til nefndrar sættar verður heldur eigi byggt á framan nefndu símskeyti biskups, því þótt líta megi svo á, að í því felist umboð til prestsins til að taka á móti stefnu og halda uppi málstað kirkjustjórnarinnar svo sem fyrir er mælt í 12. gr. laga nr. 41 frá 1919, verður eigi álitid að í slíku umboði felist heimild til að útkljá ágreiðning um landamerki með sætt, nema heimild til þess hafi verið veitt sérstaklega eða ótvírætt.

Það ber því að fella hinn áfrýjaða merkjadóm úr gildi og vísa málinu heim til dómsálagningar að efni til.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði merkjadómur skal vera ómerkur og vísað málinu heim til dómsálagningar að efni til.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af séra Birni Magnússyni presti á Borg, fyrir hönd prestsetursins Borgar, gegn Helga Jónssyni, eiganda Þursstaða, og hefir hann gert þær réttarkröfur, að ákveðið verði af merkjadóminum, hvar merki jarðanna komi saman við Háflæk, og hvar Hringurinn sé, sem getur um í landamerkjabréfum jarðanna.

Stefndur hefir fyrst og fremst krafizt þess, að málinu verði vísað frá réttinum, með því að áður hafi verið gerð réttarsætt um sama sakarefni og nú liggur fyrir í þessu máli.

Fyrst verður því að taka frávisunarkröfu þessa til athugunar. Hvort taka beri frávisunarkröfu þessa til greina

eða ekki, virðist vera undir því komið, hvort séra Björn hafi, er hann gerði sáttina 16. sept. 1931, sjá rskj. 4, haft rétt til að mæta í málinu sem löglegur umboðsmaður Borgar, og gera sáttina.

Samkvæmt 12. gr. landamerkjaganna eiga eigendur eða fyrirsvarsmenn jarða, sem búsettir eru utan sýslufélags þess, er jörð liggur í, að hafa innan sýslunnar umboðsmann, er rétt sé að stefna í landamerkjamálinu, og er ekki annað sýnilegt af málsskjölunum en að ráðuneytið hafi skoðað séra Björn sem umboðsmann og umráðamann jarðarinnar, enda hefir ekki verið bent á neinn annan mann, er réttara hefði verið að kveðja til að mæta, sem umráðamanni Borgar en séra Björn, og ráðuneytið eingöngu snúið sér til hans um upptekt málsins.

Ráðuneytið hefir heldur eigi vefengt gildi sættarinnar á þeim grundvelli, að séra Björn hafi brostið umboð til að gera hana, heldur á því að séra Einar Friðgeirsson hafi ekki haft lögfest umboð til að gera samning þann um landamerkin, er sáttin vísar til, sbr. rskj. 1, en hvort vísa beri málinu frá eða ekki virðist ekki velta á því hvað séra Einar Friðgeirsson hefir gert viðvikjandi landamerkjum þessum heldur á gildi réttarsættarinnar frá 16. sept. 1931.

Það verður því ekki annað séð en að rétt hafi verið og löglegt að stefna séra Birni í máli þessu, eða með öðrum orðum, að hann hafi haft lögfulla heimild til að koma fram í því, hvort heldur sem var stefnandi eða stefndur, en af því leiðir aptur samkvæmt 8. gr. landamerkjaganna, að hann hlaut að hafa rétt til að útkljá málið með sætt, því í nefndri grein mæla löggin svo fyrir, að sætta *skuli* leitað með aðiljum, og væri slikt ákvæði þýðingarlaust, ef þeir menn, sem löglega er stefnt í málinu, hefðu ekki heimild til að gera út um málið með sætt.

Samkvæmt framansögðu verður að líta svo á, sem málið hafi verið löglega útkljáð með sáttinni 16. sept. 1931 og beri því að vísa málinu frá réttinum.

Dagpeningar dómenda og ferðakostnaður, alls 81 kr., greiðist af stefnanda. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.